

391. fundur

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund þriðjudaginn 24. maí 2005 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Dagný Þórisdóttir, formaður
Eyþór Benediktsson
Hilmar Hallvarðsson varamaður
Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Formaður setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórn.

1. Fundargerðir nefnda:

1.1. Stjórn Lista- og menningarsjóðs, dags. 3.5.2005.
Fundargerðin framlögð.

1.2. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 18.5.2005.
Liðir 1 og 2 samþykktir og vísað deiluskipulagsbreytingum til afgreiðslu í bæjarstjórn. Liðir 3,5,7,8,9,16b,16d,16f og 16h samþykktir. Liður 10 tillaga A samþykkt. Liður 11 samþykktur með fyrirvara skipulags- og byggingarnefndar. Fundargerðin samþykkt.

1.3. Skólanefnd Tónlistaskóla, dags. 23.5.2005.
Fundargerð framlögð.

2. Aðrar fundargerðir.

2.1. Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla, dags. 28.4.2005.
Framlögð fundargerð. Bæjarráð tekur undir með nefndinni að það sé slæmt hjá Safnaráði að lækka framlagið til Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla úr kr. 1.500.000 í 1.200.000.

3. Lóðaumsóknir.

3.1. Emil Þór Guðbjörnsson, Sundabakka 2, sækir um lóð við Þverveg-lóð G.
Lóðin er ekki til úthlutunnar að sinni, þar sem á henni stendur hús í eigu Stykkishólmsbæjar og fleiri aðila.

3.2. Skipavík hf. sækir um lóðir nr. 3 og 4 við Tjarnarhólma.
Erindinu vísað til skipulags- og byggingarnefndar til nánari skoðunnar.

3.3. Ólafur Guðmundsson og Páll Vignir Þorbergsson sækja um lóðir undir smáhýsi við Langás.
Afgreiðslu frestað.

3.4. Ann Linda Denner Ásklif 4 sækir um lóð að Fákaborg 5.
Samþykkt að veita Ann Lindu Denner lóðina að Fákaborg 5.

4. Tilboð í gatnagerð við Borgarhlíð.

Samþykkt að bæjarstjóri gangi til samninga við lögstjóðanda Palla Sig. ehf. og Velverk ehf.

5. Tilboð í sparkvöll við Íþróttamiðstöðina.

Samþykkt að bæjarstjóri gangi til samninga við lögstjóðanda Skipavík hf.

6. Forkaupsréttarboð að Gretti SH-104.
Samþykkt að hafna forkaupsrétti að Gretti SH-104.
7. Útboð á leikskólabyggingu við Búðanesveg.
Bæjarstjóri gerði grein fyrir framgangi málsins.
8. Landakaup í Nýrækt.
Bæjarstjóra falið að ganga til samninga um kaup á landinu.
9. Víkurgata 1, sala eða viðhald.
Rætt um málið og afgreiðslu frestað.
10. Rafpóstur Árna Jónssonar, dags. 3. maí 2005.
Erindi Árna Jónssonar hafnað.
11. Erindi frá Sjávarorku ehf.
Erindinu vísað til Skipulags –og byggingarnefndar til skoðunnar.
12. Bréf frá Hafsteini Sigurðssyni skólastjóra Tónlistarskóla.
Bréf framlagt.
13. Ársskýrsla Framkvæmdaráðs Snæfellsness 2005.
Ársskýrsla framlögð.
14. Hilmar Hallvarðsson lagði áherslu að fjærlægja brotajárn í Stykkishólmi.
Samþykkt að skoða málið vandlega.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:30

Þór Örn Jónsson, bæjarritari